

## Leiðbeiningar fyrir innskráningu í moodle

---

**Þetta á eingöngu við ef nemendur eru í námi í fleiri en einum skóla**

Moodle heldur fast utan um innskráningar, ef búið er að skrá sig inn á moodle einu sinni í netvafranum þá reiknar moodle með að sami notanda sé að skrá sig inn aftur.

**Það er algengt að nemendur lendi í vandræðum ef á að nota moodle frá fleiri en einum skóla** og geta þá komið villur við innskráningu.

**Við bendum nemendum á að nota sitthvorn netvafrann fyrir hvern skóla**, velja t.d. chrome fyrir einn skóla og edge, safari, opera eða eitthvað annað fyrir annan skóla, með þessu móti er hægt að koma í vef fyrir innskráningarvillur í moodle.

**Ef nemendur eru komnir í vandræði með innskráningu þá er lausnin sú að hreinsa út svokallaða netvafrasögu**, í flestum netvöfrum heitir þetta „clear history and cache“. Ef netvafrinn er hreinsaður þá hverfur út innskráningarsaga fyrir moodle og hægt er að byrja með hreint borð.